

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík


Efni:

Umsögn Jóhanns Þorvarðarsonar um frumvarp til laga um gjaldeyrismál. 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 0899 – 0537 mál.

Ofgreint frumvarp er tímaskekkja og færir Seðlabanka Íslands óeðlileg völd:

**Tímaskekkjan**

Utanríkisviðskipti í heiminum fara fram í evrum eða Bandaríkja dollar að lang mestu leyti samanber myndin sem fylgir að neðan. Evran er mest notuð, en dollarinn er útbreiddari á heimsvísu. Hlutföllin sem myndin sýnir vekja athygli þegar haft er í huga að 180 gjaldmiðlar eru í heiminum hið minnsta. Þetta er ein af niðurstöðum nýrrar og víðfeðmrar rannsóknar á vegum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Náði hún til yfir hundrað landa og greip utan um þrjá fjórðu hluta af öllum heimsviðskiptum á árabílinu 1990 til 2019. Utanríkisviðskipti Íslendinga fara einnig mest í gegnum evru og dollar. Hlutdeild evrunnar er 39 prósent ef ég tel dönsku krónuna með. Eðlilegt er að gera það því danska krónan er bundin með rembihnútt við evruna. Hún hreyfist því í fullkomnum takti við evruna. Dollarinn er síðan notaður í 46 prósent viðskipta til og frá landinu. Samtals fer því 85 prósent af allri erlendri verslun á Íslandi í gegnum þessa tvo gjaldmiðla. Það er því fullkomið samræmi milli Íslands og annarra þjóða í veröldinni í þessum eignum.



Sú þróun er í gangi hjá Evrópuþjóðum að hlutur dollarans fer minnkandi á sama tíma og evran er í hröðum vexti, eðli málsins samkvæmt. Sem dæmi þá fer milliríkjavarslun Norðmanna um það bil að jöfnum hluta fram í evrum og dollar.

Að tveir gjaldmiðlar séu ráðandi í heimsviðskiptum vegur að rótgrónum hagfræðikenningum um opið hagkerfi með sjálfstæða mynt. Kjarninn í þeim er að útflutningur sé reikningsfærður í gjaldmiðli útflutningslands og að viðskipti tveggja landa leiti jafnvægis til lengri tíma litið. Þannig á að nást fram greiðslujöfnuður í verslun með vöru og þjónustu milli landa með ólíka gjaldmiðla. Efnahagsáfall og ójafnvægi hagkerfa hefur síðan áhrif á gengi gjaldmiðils sem ætlað er að vera jafnvægisstillir á hagkerfið. Litlar og ótrúverðugar myntir hreyfast nánast alltaf í veikingarátt með ofsamiklum hreyfingum, jafnvel gengishruni. Undantekning er auðvitað svissneski frankinn, en hann nýtur gjarnan mikils trausts á ögurstundu og styrkist ótæpilega. Hagsaga heimsins geymir mörg vond dæmi um slæmar afleiðingar af hraðvirkum hreyfingum gjaldmiðla. Þar inn í er hagsaga Ísland meðtalin: há verðbólga og mikið atvinnuleysi. Vel reknar þjóðir hafa yfirgefið peninga- og hagstjórn sem ætlað er

að hafa áhrif á gengið enda leiðir það til gjaldmiðlastríðs. Í slíku stríði þá sigra stóru gjaldmiðlarnir litlar myntir án þess að þurfa að hnykla vöðvana, en efnahagslegar afleiðingar sitja eftir hjá litlu þjóðunum.

Stór hlutur dollars í heimsverslun má að góðum hluta rekja til viðskipta með hrávöru. Ef hrávöruverslun er tekin út fyrir sviga þá lækkar hlutur dollarans niður í 23 prósent á myndinni. Þar sem olía er ekki framtíðar orkugjafi þá má búast við að hlutur dollarans fari minnkandi á komandi árum. Það er þó fleira sem mun minnka hlutdeildina. Þar má til dæmis nefna að Rússar greiða fyrir innflutning frá Kína með evrum vegna mála sem tengjast viðskiptaþvingunum Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi. Einnig má benda á að Kínverjar styðja í dag við þá skipan að þeirra eigin gjaldmiðill „*yuan renminbi*“ verði notaður sem uppgjörsmýnt í milliríkjavíðskiptum við landið. Þeim hefur ekki orðið mikið ágengt, en mál þokast þó í þá átt að myntin er meira gildandi en áður.

Að tveir gjaldmiðlar séu ráðandi veldur því að gengi dollars og evru stjórnar í raun för varðandi gengisskráningu krónunnar. Seðlabanki Bandaríkjanna og Evrópu eru í bílstjórasætinu á meðan Seðlabanki Íslands er í eltingarleik. Þetta táknað að Ísland er í raun ekki með sjálfstæðan gjaldmiðil. Skipan gjaldmiðlamála í heiminum ætti því að vera mikilvægt innlegg í umræðuna um framtíðarskipan gjaldmiðilsmála Íslands.

Í umræddri rannsókn kom fram að eitt prósent veiking dollars leiddi eingöngu til 0,03 prósent minnkunar innflutnings til Bandaríkjanna. Með öðrum orðum þá taka minni myntsvæði á sig hallann af gengisbreytingum í formi minni framlegðar. Sama á við um evrusvæðið. Yfirhagfræðingur Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, Ms. Gita Gopinath, kallar þetta „*privileged insularity*“ eða „*forréttinda ónæmi*“ Bandaríkjanna og evrusvæðisins gagnvart gengisbreytingum.

En af hverju er staðan sú að tveir gjaldmiðlar eru ráðandi í heimsviðskiptum? Ástæðurnar eru einkum þrjúþættar:

Sú fyrsta er að fólk og fyrirtæki kaupa sér öryggi eða viðhalda kaupmætti eigin eigna og tekna með því að velja sér meginstraums gjaldmiðil, evru eða dollar. Þetta hefur leitt til þess að tvöfalt gjaldmiðlakerfi er víða við lýði vegna tregðu stjórnvalda að verja almannahagsmunum umfram sérhagsmunum. Þegar og fyrirtæki í löndum með tvöfalt kerfi hafa í raun tekið ómakið af stjórnvöldum að breyta rétt. Kosta Ríka er ágætt dæmi, en þar er dollarinn meira metinn en sjálf þjóðarmyntin, kolóna. Á Íslandi þá má segja að tvöfalt kerfi sé í gangi því mörg fyrirtæki gera upp í evrum eða dollar.

Önnur ástæða er að virðisdeðja vöru og þjónustu nær yfir mörg lönd og fleiri en eitt hagkerfi. Alþjóða fyrirtæki kjósa því að verja eigin framlegð og markaðsstöðu með því að gera öll viðskipti í einum ráðandi gjaldmiðli. Þannig er gengissveiflum eytt út og má segja að þetta snúist á endanum um áhættustýringu fyrirtækja.

Þriðja ástæðan er að áhrif gengislækkunar heimamyntar minnkar með hækkandi hlutdeild meginstraums gjaldmiðla í erlendum viðskiptum viðkomandi lands. Á sama tíma þá eru áhrif gengisbreytinga evru og dollars meiri á hagkerfi viðkomandi lands. Gjaldmiðlarnir tveir eru aftur á móti þeir stöðugustu í veröldinni ef kínverski gjaldmiðillinn er ekki talinn með, en honum er handstýrt innan þröngra marka. Hægt er að fullyrða að út frá rannsókninni að það taki gengislækkun heimamyntar lengri tíma að skila sér í gegnum verðlagið ef millilandaviðskipti landsins fara í gegnum meginstraums myntirnar tvær. Með öðrum orðum verð er stöðugra en ella.

Nú gæti einhver spurt sig í ljósi þess að evra og dollar eru nú þegar ríkjandi myntir í utanríkisviðskiptum Íslands hvort hægt sé að gera betur. Stutta svarið er já. Með því að taka upp meginstraumsmynt þá fæst miklu meiri stöðugleiki um leið og verið er að minnka áhættu. Ávinningurinn er ótvíræður: lægri

verðbólga og meiri atvinna að jafnaði. Samkeppnishæfni landsins færi einnig upp á við. Nýleg dæmi um óstöðugleika sem hefði verið hægt að afstýra að hluta blasa við okkur á hverjum degi.

Verði frumvarpið að lögum þá leysir það engin vandamál né er það til þess fallið að minnka áhættu hagkerfisins heldur þvert á móti. Lögin munu eingöngu veita skammgóðan vermi því þegar höft eða takmarkanir á fjármagnshreyfingar eru afnumdar þá leitar markaðurinn í náttúrulegt jafnvægi. Hér skiptir engu hvort hreyfingarnar eru inn eða út úr krónunni.

Í frumvarpinu og fylgigögnum þess þá er talað um aukinn skilning eða hljómgrunn á alþjóðavettvangi um auknar takmarkanir á fjármagnsflæði lítilla og opinna hagkerfa. Yfirlýsingin er ekki studd neinum handbærum gögnum og óábyrgt að taka nokkuð mark á henni. Myndin að ofan segir allt aðra sögu um þróun mála í heiminum og það er besta frásögnin um hvað íbúar jarðarinnar og fyrirtæki óska eftir í þessum efnum. Alþingi á að líta til þessarar þróunar og hlusta í stað þess að reisa girðingar utan um frjáls viðskipti. Eina lausnin hvað áhættustýringu hagkerfisins varðar er að taka upp meginstraums gjaldmiðil. Það einfaldar alla hluti og bætir hag landsmanna. Aukreitis þá mun meginstraums gjaldmiðill minnka ríkisbáknid, þ.e. einfaldari og hagkvæmari Seðlabanki.

Á umliðnum áratug þá hefur danska krónan breyst um aðeins 0,75 prósent gagnvart evru, en krónan hefur tapað 37 prósent af virði sínu gagnvart evrunni frá því í júní árið 2017. Samkvæmt árlegum mælingum IMD Competitiveness Center í Sviss þá er Danmörk talið búa yfir næst mestu samkeppnishæfni veraldar. Margt kemur þar til og er frammistaða og traust til gjaldmiðils ein af aðal mælistikunum. Ísland er í 21 sæti listans. Aftur á móti þegar kemur að hagkerfinu þá vermir Ísland sæti númer 58 af 63 mögulegum. Dæmi um lönd fyrir neðan Ísland eru Argentína, Jórdanía, Mongólía og Venesúela.

### **Valdasambjökkunin**

Verði frumvarpið að lögum þá er Seðlabanka Íslands og viðkomandi ráðherra veitt gífurleg völd til inngripa á hinn frjálsa markað. Í raun geta viðkomandi stöðvað gangverk markaðarins. Í þessu sambandi þá vil ég benda á að bankanum er stjórnað af ólýðræðiskjörnum starfsmönnum og ekki hægt að ganga út frá því að aðilarnir séu endilega færir um að fara með slík völd. Jafnvel þó að krónan sé örmynt þá er það alltaf betri kostur að láta markaðinn um að leysa úr hlutunum frekar en að þröngur hópur starfsmanna og einn ráðherra fari með völdin. Ég vara eindregið við þessari þróun.

Svo það sé sagt aftur þá munu lögin út af fyrir sig auka áhættu hagkerfisins því erlendir aðilar almennt séð forðast viðskipti við svæði þar sem stjórnvöld geta gripið fyrirvaralaust til lokana á fjármagnsflutninga. Lögin geta því til dæmis dregið úr nýsköpunarfjármagni og almennri fjölþættingu hagkerfisins. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur fært þjóðinni mikla hagsæld og leysti úr læðingi frelsiskrafta. Verði frumvarpið að lögum þá er verið að vinna gegn ávinningnum og skerða frelsið. Það mun draga úr hagsæld, minnka hagvöxt. Framtíðin er upptaka á meginstraumsgjaldmiðli í stað krónunnar. Krónan er vandamálið, en ekki hluti af lausninni!

**Reykjavík, 10. mars 2021**

**Jóhann Þorvarðarson  
Fannafoldi 102  
112 Reykjavík**

Endir.